



## Umgengnisreglur fyrir íþróttavelli og Fjarðabyggðarhöllina

### 1. gr.

#### *Almenn umgengni og háttsemi*

Allir gestir skulu sýna háttvísi og virðingu í samskiptum og virða reglur viðkomandi svæðis. Markmiðið er að tryggja jákvæða upplifun og öryggi fyrir alla notendur.

Notendur skulu ganga snyrtilega um mannvirkin, hvort sem um er að ræða íþróttavelli eða Fjarðabyggðarhöllina, og ganga frá eftir sig.

### 2. gr.

#### *Hreinlæti*

Útiskór eru ekki leyfðir á innanhússæfingasvæðum í Fjarðabyggðarhöllinni. Notendur skulu nota innanhússkó til að viðhalda hreinlæti.

Gestir skulu henda öllu rusli í viðeigandi ílát og gæta þess að bæði íþróttavellir og Fjarðabyggðarhöllin haldist hrein.

### 3. gr.

#### *Öryggi*

Öryggisreglur skulu virtar til fulls, og neyðarútgangar skulu vera óhindraðir. Gestir skulu fylgja fyrirmælum starfsmanna.

### 4. gr.

#### *Notkun búnaðar og mannvirkis*

Notendur skulu nota búnað og mannvirki í samræmi við leiðbeiningar og sjá til þess að skila honum í sama ástandi. Skemmdir skal tilkynna umsvifalaust til umsjónaraðila.

Bókaðir tímar skulu virtir, og notendur skulu ganga frá búnaði á sinn stað að notkun lokinni.

### 5. gr.

#### *Neysla matar og drykkjar*

Mat og drykk má einungis neyta á þar til gerðum svæðum. Neysla matar eða drykkjar er óheimil á æfingasvæðum, leiksvæðum eða í innanhússæfingasölum.

### 6. gr.

#### *Nikótínvörur, áfengi og önnur vímuefni*

Allar nikótínvörur, þar með talið rafrettur, munntóbak og nikótínþúðar, eru stranglega bannaðar á öllum íþróttasvæðum, bæði innandyra og utandyra.

Neysla áfengis og annarra vímuefna er stranglega bönnuð á öllum íþróttavöllum og í Fjarðabyggðarhöllinni í tengslum við íþróttaviðburði og daglega notkun.

**7. gr.***Ábyrgð á persónulegum eigum*

Notendur bera sjálfir ábyrgð á persónulegum eigum sínum. Hvorki Fjarðabyggðarhöllin né íþróttavellir taka ábyrgð á töpuðum eða skemmdum hlutum.

**8. gr.***Viðurlög við brotum*

Brot á reglum getur leitt til munnlegrar áminningar, skriflegrar áminningar eða útilokunar frá aðstöðunni, allt eftir alvarleika brotsins:

- Fyrsta brot: Munnleg áminning.
- Annað brot: Skrifleg áminning.
- Þriðja brot: Tímabundin eða varanleg útilokun frá aðstöðunni.

Fjarðabyggð 28. mars 2025

  
Jóna Arný Þórðardóttir  
bæjarstjóri

Samþykkt í fjölskyldunefnd 18. nóvember 2024

Samþykkt í bæjarráði 10. mars 2025

Samþykkt í bæjarstjórn 27. mars 2025